

# Trommuset

## Vörðupróf I

### 1. Verk (36 einingar)

- Tvö ólík aðallög (**12 einingar hvort**) flutt með hljómsveit, undirleik kennara, hljóðrituðum eða tölvugerðum undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.
- Taktbrigðalisti. Tvö verkefni af lista 8 taktbrigða – valin af prófdómara. (**12 einingar**).

### 2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda, þarf ekki að vera skráð á nótur og þarf ekki að vera lært utanbókar. Viðmiðunarlengd 32 taktar.

### 3. Æfing á sneriltrommu (12 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.

### 4. Tækniæfingar (15 einingar alls)

- Undirstöðuæfingar:** Nemandi geti leikið 5 af þeim 9 undirstöðuæfingum sem eru til miðprófs. Nemandi og kennari ákveða fyrirfram hvaða 5 undirstöðuæfingar verða fyrir valinu. Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við miðprófskröfur. Einnig skal nemandi geta leikið allar undirstöðuæfingar úr grunnnámi u.þ.b. 10 slögum hraðar en gerð er krafa um í grunnprófi.
- Handsetningaræfingar:** Nemandi geti leikið tvær fyrirfram valdar æfingar af þremur sem gefnar eru upp fyrir miðpróf, eða tvær sambærilegar handsetningaræfingar (frá báðum höndum). Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við miðprófskröfur.
- Samhæfingaræfingar:** Nemandi geti leikið tvær fyrirfram valdar æfingar af þremur sem gefnar eru upp fyrir miðpróf, eða tvær sambærilegar samhæfingaræfingar. Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við miðprófskröfur.

\*Lengd gefins rytma er 12 taktar (miðað við áttundaparta sem hraðasta nótnagildi).

### 5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna:

- Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverefni.
- Leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

### 6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.

- Viðfangsefni á sneriltrommu (5 einingar).
- Viðfangsefni á trommuset (5 einingar).

### 7. Heildarsvipur (5 einingar)

## Vörðupróf II

### 1. Verk (36 einingar alls)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

- Tvö ólík aðallög, flutt með hljómsveit (**12 einingar hvort**).
- Taktbrigðalisti. Tvö verkefni af lista 22 taktbrigða - valin af prófdómara (**12 einingar**).

### 2. Upprit (12 einingar)

Gert af nemanda, afrit afhent prófdómara, flutt utanbókar og með upprunalegri upptöku. Viðmiðunarlengd 64 taktar.

### 3. Æfing á sneriltrommu (12 einingar)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

### 4. Tækniæfingar (15 einingar alls)

- Undirstöðuæfingar:** Nemandi geti leikið 3 af þeim 6 undirstöðuæfingum sem eru til framhaldsprófs. Nemandi og kennari ákveða fyrirfram hvaða 3 undirstöðuæfingar verða fyrir valinu. Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við framhaldsprófskröfur. Einnig skal nemandi geta leikið allar undirstöðuæfingar úr grunn- og miðnámi u.þ.b. 15 slögum hraðar en upphaflegar kröfur segja til um.
- Handsetningaræfingar:** Nemandi geti leikið tvær fyrirfram valdar æfingar af fjórum sem gefnar eru upp fyrir framhaldspróf, eða tvær sambærilegar handsetningaræfingar (frá báðum höndum). Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við framhaldsprófskröfur.
- Samhæfingaræfingar:** Nemandi geti leikið tvær fyrirfram valdar æfingar af fjórum sem gefnar eru upp fyrir framhaldspróf, eða tvær sambærilegar samhæfingaræfingar. Tempó má taka niður um u.þ.b. 10 slög miðað við framhaldsprófskröfur.

\*Lengd gefins rytma er 16 taktar (miðað við áttundaparta sem hraðasta nótnagildi).

### 4. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verkefni prófsins.
- Leiki verk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri.

### 6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

- Viðfangsefni á sneriltrommu.
- Viðfangsefni á trommusett.

### 7. Heildarsvipur (5 einingar)